

Alþingi

Erindi nr. Þ 138/540

DAGSETNING

Þriðjudagur 9.12.2009

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2009 02-2009120805
T-ums 51/09


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta - 255. mál, þskj. 291.


Ríkisskattstjóri hefur þann 7. desember 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 255. mál, þskj. 291.

Með frumvarpinu er mælt fyrir nýjum heildarlögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að lögð er til hækkun á lágmarkstryggingavernd innstæðueigenda frá því sem kveðið er á um í núgildandi lögum, þá er lagt til að iðgjald til tryggingasjóðsins verði greitt ársfjórðungslega og að iðgjaldið miðist við bókfærða stöðu tryggðra innstæðna í lok næstliðins ársfjórðungs fyrir gjalddaga.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún Jenny Jónsdóttir